




LISTASAFN REYKJAVÍKUR – KJARVALSSTAÐIR



7. 2. – 28. 3. 2004

Órar / Figments

um ást, kvöl og smásmugulegar einkalífsrannsóknir
of love, torment and fastidious research on private lives

Anna Eyjólfsdóttir, Ragnhildur Stefánsdóttir og Þórdís Alda Sigurðardóttir

ÓRAR

um ást, kvöl og smásmugulegar einkalífsrannsóknir

Í íslenskrí orðabók er „órar“ skýrt sem ímyndun, hugarburður eða vítfirring. Notkun orðsins er lýst með vísun í úrelt orðatiltæki: „Það er órunum næst ef veslu batnar“, sem merkir að þeim hætti við að ofmetnast sem hefjast skjótt úr litlum efnum eða af lágum stigum, eða komast upp úr veslu eða vesöld. Það er eftirtektarvert að það munar aðeins einum bókstaf á „vesöld“ og „veröld“. Veröldin er jú oft vesæll staður. „Veröld“ á rætur að rekja til latneska orðsins „vir“ sem merkir maður. Veröld merkir því mannsaldur eða kynslóð.

Verk Einars Jónssonar myndhöggvara, *Alda aldanna* fjallar um þessa veröld sem kynslóðir sem koma og fara. Er verk Einars óður til lífsins og sköpunarinnar eða harmljóð um forgengileika mannlegs lífs? Horfði Einar á veröldina frá sjónarhóli guðs sem finnur til með mönnum eða heimspekingsins sem lítur á mennina sem sandkorn á strönd endanleikans? Hvað sem því líður er *Alda aldanna* órar um lífið sjálft og lífsbaráttu manna. Hún er eins og lokakafliinn í ógurlegri symfóníu um lífið sjálft sem hrfur menninna með sér í einni stórrí ölduhreyfingu. Einar gat tekið áhorfandann með trompi, gert hann andstuttan og örvað hjartsláttinn með því að stilla bassahljómana í lífinu í botn. Það er eins og tónverk Páls Ísólfssonar, *Brennið þið vitar*, hljómi í bakgrunninum.

Öld síðar er það ekki lífið eins og það leggur sig sem vekur mesta undrun myndhöggvaranna sem hér sýna, heldur maðurinn sjálfur. Í myndverkum þeirra Önnu Eyjólfsdóttur, Ragnhildar Stefánsdóttur og Þórdísar Öldu Sigurðardóttur sem hér getur að illa er maðurinn ekki í lífinu eins og í verki Einar, heldur er lífið í manninum og maðurinn er í heimi. Stundum einn í heiminum, stundum í afar litlum privatheimi. Manni er jafnvel boðið að líta inn í skápana. En líka út fyrir þá, allt út í óraviddir alheimsins. Engu að síður eru þetta órar um stöðu mannsins í heiminum, líkt og verk undanfara þeirra Einar Jónssonar, þótt sjónarhornið sé annað og músikin í verkunum hljómi öðruvísi.

FIGMENTS

of Love, torment and Fastidious Research into Private Lives

The Icelandic dictionary defines “figments” as imaginings, fantasy or insanity. The word is used with reference to an obsolete expression, loosely translated as “figments [of the imagination] are one step from misery”. In other words, those who move quickly out of poverty or misery are at the greatest risk of becoming haughty or arrogant. It is interesting that the Icelandic word “vesöld” meaning “misery”, is merely one letter removed from the word “veröld”, meaning “world”. Indeed, the world is often a miserable place. “Veröld” is derived from the Latin word “vir”, which means “man”. Thus “veröld” or “world” in Icelandic is the same as “the age of a man” or “generation”.

The work of sculptor Einar Jónsson, *Alda aldanna*, or *The Wave of the Ages*, interprets this world as one where generations come and go. Is Einar’s work an ode to life and creation – or a tragic poem about the fleetingness of human life? Did Einar look at the world from the perspective of God, who feels for humanity, or the philosopher, who looks at men as grains of sand on the shore of finitude? In either case, *The Wave of the Ages* is an image of life itself and the human struggle. It is like the final chapter in a overwhelming symphony about life that can sweep men away in one fell swoop. Einar Jónsson was able to capture his audience completely with his sculpture, take their breath away and stimulate their heartbeat by turning up the volume of life’s bass line. It is as if Páll Ísólfsson’s piece of music *Brennið þið vitar* (Lighthouses burn) is sounding in the background.

A century later, it is not life in its entirety that most intrigues the sculptors exhibiting here, but man as such. In the exhibited works of Anna Eyjólfsdóttir, Ragnhildar Stefánsdóttir and Þórdís Alda Sigurðardóttir man is not in life, as in Einar’s work, but rather life is in man. Sometimes man is alone in the world, sometimes he is in a very small private world. We’re even invited to look into the closets – and also outside, into the boundless universe. Nonetheless, these are fantasies about man’s place in the world, like the work of their predecessor Einar Jónsson. Even if the perspective is different and the music in the pieces does not sound the same.



Pórdís Alda Sigurðardóttir: Yfirfall, 2004

Pórdís Alda Sigurðardóttir safnar saman ummerkjum, sporum og alls konar merkimiðum sem auðkenna líf einstaklinga og fylgja þeim um stundarsakir. Hlutirnir eru í allri sinni handahófskennd keimlíkir, en persónurnar gefa þessum hlutagraut sem þær dúka á borð eigin lífs sinn sérstaka lit og yfirbragð. Listamaðurinn horfir ekki á þessa litlu heima úr fjarlægð. Hann er þétt á hæla persónunnar eins og flækingurinn sem hirðir upp hlutina sem hafa verið hluti af lífi hennar áður en þeir urðu óþarfi.

Dauðir hlutir eru ekki til. Stórir og smáir nytjahlutir og alls konar óþarfi og drasl eru lifandi í verki Pórdísar Óldu. Eðli þeirra er dregið fram. Ekki þó endilega það eðli sem hlutverk þeirra ljær þeim. Þeir eiga það til að ganga þvert á það, bregðast því og detta út úr rullunni. Með einstaklingseðli sínu gera þeir grín að tilburðum til að hlutgera og staðla mannlegt líf því jafnvel kaffivél sem deilir nafni og númeri með öðrum úr sömu seríu dansar út úr röðinni þegar minnst varir. Henni er gefinn sjens er hún mætir skilningi listamannsins á því að allir eigi sér drauma og þrár. Þess vegna faðmar Pórdís Alda hlutina að sér, vefur utan um þá, skryðir og reyrr þá til að halda þeim saman. Það er eins og hún sé mitt á milli þeirra og reyni að bjarga þeim. Frá hverju? Frá gleymsku, vanrækslu, viðurkenningarskortri? Ekki bara og ekki alltaf. Meðaukun er viðsfjarri. Hún er miklu fremur að gefa þeim tækifæri til að ofmetnast svolitð og gleðjast yfir sjálfum sér. Hún fær hlutina til að setja sig í stellingar og syngja. Ætli þeir syngi ekki þjóðsöng poppsins, "We are the world, we are the children. We are the ones to make a brighter day so lets start giving."? Það halda ekki allir lagi.



Pórdís Alda Sigurðardóttir: Spinun, 2004

Pórdís Alda Sigurðardóttir collects signs, traces and all sorts of labels that define the lives of individuals and which accompany these individuals for a time. In all their randomness, they hold a similarity, while the subjects give this mish-mash of things offered on the table of their lives their own particular colour and characteristic. The artist does not look at those little worlds from a distance. She is hot on the heels of the subject, like a tramp that picks up things that used to belong to that person, before they became unnecessary.

There is no such thing as dead objects. Large and small objects and all sorts of junk and unnecessary things come alive in the work of Pórdís Alda. Their true nature is extracted, though that is not necessarily the nature awarded them by their role. They have a tendency to oppose it, betray it, and abandon it. With their unique individuality they poke fun at attempts to objectify and standardize human life, because even a coffee machine that shares its name and serial number with others from the same series dances away from the chorus line when least expected. It is given a chance upon meeting the artist's understanding of the fact that everyone has dreams and desires. That is why Pórdís Alda embraces objects, weaves things around them, decorates and binds them in order to hold them together. It is like she is caught in the middle, trying to save them. From what? From obscurity, neglect, lack of recognition? Not only and not always. Pity is far removed. It is more likely that she is giving them an opportunity to feel proud and a little self-satisfied. She gets the objects to strike a pose and sing. Probably they sing the national anthem of pop music: "We



Anna Eyjólfssdóttir: Gulur fugl, 2003-4



Anna Eyjólfssdóttir: Kónga blá, 2004

Það er sínu meiri óhugnaður í verkum Önnu Eyjólfssdóttur. Alla vega þegar nánar er að gáð. Við fyrstu sýn blasir sakleysið við. Lífið er saklaus leikur, ævintýri sem endar vel. Paradís. Gull, kóngablátt flauel, rautt epli. Prins og prinsessa. Svanurinn í verki Önnu minnir óneitanlega á saklausta af öllum saklausum íslenskum ævintýrum, sögu Muggs um Dimmalimm.

Í myndskreytingu Muggs eru kóngurinn og drottningin, sem sitja með kórónu á höfði í hásaetum sínum í sögulok, enn lítil börn. Fætur þeirra ná ekki niður á gólf. Myndirnar segja sína sögu. Geta prinsessan og prinsinn ekki orðið stór eða vilja þau ekki verða stór? Endurspeglar þessi staðreynd einhverja innstu þrá Muggs sjálfs, sem vildi heldur ekki fullorðnast þó svo að hann léti prinsinn losna úr svanslíkinu?

Dimmalimm leikur sér við svaninn sem er henni allt. Dag einn er svanurinn horfinn þegar hún kemur til að leika við hann. Einu ummerkin um hann er svanshamurinn. Þetta er augnablikið í sögunni sem vekur óhug.

Það má segja margar sögur út frá minnum og táknum í sögunni um Dimmalimm og svaninn. Svanurinn er hvítur og fagur, en hann getur verið árásargjarn fugl. Seifur/Júpiter breytti sér í svansgervi þegar hann flaug af stað til að nauðga Ledu. Í verki Önnu stendur einnig ofvaxinn, risastór, kóngablár flauelsþungur. Notalegur, mjúkur, falllegur, freistandi, ólögulegur sekkur. Hann getur verið línur eða stinnur. Eins og ástarþráin sem getur umbreyst úr mykt í hörku.

Myndasagan um Dimmalimm getur vakið upp óra um þráhyggju, ást, ofbeldi og misnotkun. Prinsinn

are the world, we are the children. We are the ones to make a brighter day, so let's start giving." Not everyone is able to hold a tune.

The works of Anna Eyjólfssdóttir are somewhat more gruesome, at least upon closer inspection. At first glance they appear innocent. Life is a harmless game, a fairy tale that ends well. Paradise. Gold, velvet of royal blue, a red apple. A prince and princess. The swan in Anna's story reminds one of the most innocent of all innocent Icelandic fairy tales, the story of Dimmalimm, by Muggur.

In Muggur's illustrations that accompany the story, the king and queen who sit crowned upon their thrones at the end of it are still small children. Their feet do not touch the ground. The pictures tell their own story. Are the prince and princess not able to grow up – or do they not wish to? Does this reflect Muggur's own inner desire not to become an adult, even if he did release the prince from the spell of being a swan?

Dimmalimm plays with the swan. It is everything to her. Yet one day when she comes to find it, it is gone. The only sign that it existed is the discarded swan's body. This is the story's terrifying moment.

One can spin many stories from the references and symbols found in the tale of Dimmalimm and the swan. A swan is white and beautiful but can also be aggressive. Zeus/Jupiter transformed himself into a swan when he flew off to rape Leda. In Anna's work there is also an overgrown, huge, velvet testicle of royal blue. Comforting, soft, beautiful, tempting – an irregularly shaped sack. It can be soft or hard. Like the desire for love, that can change from gentleness into cruelty.



Ragnhildur Stefánsdóttir: Skápur, 2004 (hluti)



Ragnhildur Stefánsdóttir: Iris, 2004

og prinsessan eru dúkkur, barnsliki sem geta aldrei orðið fullorðin. Kynferðisleg misnotkun barna getur gengið að bernskunni dauðri um leið og hún festir barnið í gildru bernskunnar, flækir það í reifum sem það getur ekki losað sig úr. Það er dauði í ásynd dúkkunnar. Skerandi, æpandi, nistandi þögn.

Í listinni er hægt að hlusta eftir þessari þögn, hafa andvara á sér til að geta numið hana. Láta þögla mynd af því sem er brotið og bugað líða hjá á bak við gler. Minnst þess í þögn. Fyllast oflæti. Óskra svo af lífs- og sálarkröftum „OFBELDI!“, svo hátt að glerið springur. Æra, gera allt vitlaust. Listin er þetta oflæti sem þarf til þess að brjótast gegnum glerið svo vesöld batni.

Listin brýst út og verður útvíkuð skynjun í verkum Ragnhildar Stefánsdóttur. Samt er líkaminn í öllum sínum myndum upphafsreitur eða aðstaðan sem öll skynjun gengur út frá. Ragnhildur andmælir hefðbundnum hugmyndum um aðskilnað sálar og líkama. Hin brotkennda og skerta sýn nútímavísinda vikur fyrir heilðrænni sýn. Líkaminn er fyrir henni ævinlega líkamssál eða sálarlíkami. Hvers vegna eiga t.d. genin að geta tjáð meiri sannleika um manninn en lithimna augans sem náttúrulekнар geta greint heilsu mannsins út frá? Augað er spegill líkama manneskjunnar. Þar má sjá forsögu, tengsl við aðra og áhrif umhverfis. Öll þessi vitneskja er oft dæmd til að vera falin, en alltaf utan sjóndeildarhrings efnishyggjunnar.

Í fyrstu verkum Ragnhildar var líkaminn nátengdur jörðinni. Eins og guð í Sköpunarsögunni skóp hún manninn úr moldu, nema hvað hún mótaði hann til að byrja með

The picture-book story of *Dimmalimm* can easily evoke imaginings of obsession, love, violence and abuse. The prince and princess are dolls, children that can never grow up. Sexual abuse of children can destroy childhood while trapping the child there, tangling it up in bonds from which it cannot be released. There is death in the doll's expression. Screaming, terrifying silence.

Art can listen for that silence, can be vigilant enough to hear it. It can place a silent picture of what is bent and broken behind glass. Remember it in silence. Become outraged. Then scream "VIOLENCE!" with all its might, so loud that the glass explodes. Drive everyone crazy. Art is the outrage that is needed to break the glass so that misery can be redeemed.

In the work of Ragnhildur Stefánsdóttir, art escapes and becomes an expanded perception, even if the body in all its forms is the beginning of all perception. Ragnhildur opposes traditional ideas of the separation of body and soul. The fragmented and limited vision of modern science is replaced by a holistic vision. To her, the body is always a bodysoul, or a soulbodу. Why, for instance, should genes express more truth about man than the iris of the eye, through which holistic medicine can diagnose a person's health? The eye is the mirror of the human body. It reveals history, relationships with others, the effect of the environment. All this knowledge exists. It is often doomed to be hidden, but it is always beyond materialism's range of vision.

In Ragnhildur's first works, the body was always very close to the earth. Like God in Genesis she created man from earth, except that she shaped

bara í bütum eða svípti hann ytra byrði. Æ síðan hefur hún verið að fjarlægjast meir og meir moldareðli mannsins og líkaminn hefur orðið sífellt óefniskennari. Nú er svo komið að efnislíkaminn sem hún hefur verið að sundurgreina og setja saman aftur, teygja úr eða pressa saman, er horfinn. Hann er risinn upp af rannsóknaborði hennar og er vart meira en skugginn af sjálfum sér. Eða réttara sagt ljósið af sjálfum sér því hér eru sýnd verk af árunni sem umlykur líkamann. Um leið minna þessi verk svölitið á líkamana í kvikmyndinni Matrix sem hafa verið leystir upp í stafrænar eindir.

Aðgreining hins ytra og hins innra dugir ekki til að henda reiður á líkamann. Hann er gljúpur og tekur allt inn á sig um leið og hann rennur saman við umhverfið. Umhverfið þenst út eftir því sem líkaminn leysist meir upp og skynjunin losnar þannig úr viðjum holdsins. Mörk milli sjálfs og hinna verða óljós. Hínir ljóskenndu líkamar geisla út frá sér og búa jafnframt yfir ofurnæmi. Eins og væru þeir ein stór skynvera sem nærir og nemur í senn. Eins og séum við öll tengd í gegnum árum okkar.

Þetta eru órar Ragnhildur um samband manns við sjálfan sig og samband við aðra í samhengi alheimsins. Með myndum af ytra ástandi líkamans tjáir hún einnig það innra ástand sem hann er í hverju sinni. Líkamar/hugar geta verið ofurspenntir eða slakir, fastir fyrir eða gegnsærir. Það er eins og listamaðurinn standi þétt að baki þeirra með augun á vanga þeirra. Þeir verða ekki varir við hann fremur en engil eða fylgju, sem nemur þessa fingerðu ofurskynjun án þess að trufila. Listamaðurinn andar með og fylgist í ofvæni með verunni skynja, leyfir henni að vera í nokkurs konar hugleiðsluástandi. Með vökulu auga og hér og nú, en einnig í vitund um einhverjar óráviddir. Andá inn, andá út, leyfa hugarum að dvelja, að hverfa inn á við og kyrrast þrátt fyrir að hann glitri og sındri eins og himinn á nýársnóttu.

Sigríður Þorgeirsdóttir

him initially only in fragments or took from him his outer shell. Ever since, Ragnhildur has been moving away from man's earthy nature and the body has become less and less like matter. At this point, the body made up of matter that she has been taking apart and putting back together again, stretching out or pressing together, is disappearing. It has risen from her examining table and is now barely a shadow of itself. Or, more precisely, the light of itself, because on exhibit here are works of the aura that surrounds the body. These works remind vaguely of the bodies in the film Matrix, that have been dissolved into digital units.

The distinction between outer and the inner does not suffice to define the boundaries of the body. It is absorbent and takes everything in, while simultaneously merging with the environment. The environment expands as the body dissolves more and more and sensation is released from the trappings of flesh. The boundary between self and other becomes less clear. The illuminated bodies radiate and also possess a hypersensitivity. As if they were one large sensory being that nourishes and takes in, simultaneously. As if we are all connected by our auras.

These are Ragnhildur's imaginings about the relationship of man with himself and with others, in a universal context. Through images of the external condition of the body she also expresses its inner condition each time. Bodies/minds can be hyper-tense or relaxed, solid or transparent. It is like the artist is standing right up against their backs with her gaze upon them. They don't notice her, any more than they would an angel or a spirit who picks up this delicate hyper-sensation without disturbing. The artist breathes along with it and watches anxiously as the being gives way to sensation, allowing it to remain in a sort of meditative state. With a watchful eye here and now, but also in the knowledge that boundless space exists. Breathe in, breathe out, let the mind go within, rest and become still, even if it shimmers and shines like the sky on the eve of a new year.

Sigríður Þorgeirsdóttir



INNGANGUR

Tilvera mannsins er hugsuðum og listamönnum sífellt undrunarefni og grundvöllur rannsókna sem seint munu leiða til órækrar niðurstöðu. Athafnir, draumar, langanir og þrár einstaklingsins koma hverri kynslóð af annarri jafnmikið á óvart, og hið ósamstæða safn slíkra mannlegra viðbragða hefur verið nefnt 'tíðarandinn' í veikri tilraun til að greina í sundur einkenni kynslóðanna.

Listakonurnar Anna Eyjólfsdóttir, Ragnhildur Stefánsdóttir og Þórdís Alda Sigurðardóttir hafa valið að gera tilveru mannsins að viðfangsefni sínu, hver með sínum hætti. Með yfirskrift sýningarinnar – Órar um ást, kvöl og smásmugulegar einkalífisrannsóknir – vísa þær til þess að list þeirra fjallar ekki síður um það sem bærast innra með okkur en þá hegðun sem við sýnum af okkur eða þá hluti, sem við reynum að notfæra okkur í fánýtri leit að merkingu lífsins.

Þær stóllur nálgast viðfangsefnið hver með sínum hætti. Verk þeirra spanna allt hið mannlega svið, frá því að fjalla um óglögg skil milli sakleysis og óhugnaðar, milli hins andlega og hins líkamlega, milli þess öryggis sem við reynum að skapa okkur og þess umkomuleysis sem við upplifum þrátt fyrir allt.

Í listaverkum þeirra horfumst við í augu við okkur sjálf og þá innri óvissu, sem við verðum stöðugt að takast á við.

*Eiríkur Þorláksson,
forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur*

INTRODUCTION

Human existence is a constant source of wonder for thinkers and artists alike, and forms the basis of research that is unlikely to lead to any definite conclusions. The actions, dreams, longings and desires of the individual surprise each new generation as much as the preceding one, and the diverse collection of such human reaction has been labeled 'the prevalent spirit of the time' in a weak attempt to define the characteristics of the generations.

The artists Anna Eyjólfsdóttir, Ragnhildur Stefánsdóttir and Þórdís Alda Sigurðardóttir have chosen the human existence as their subject matter, each on their own terms. Through the title of the exhibition – Figments of love, torment and fastidious research on private lives – they refer to the fact that their art is no less concerned with that which stirs inside us than with how we behave or the things we try to use in our futile search for the meaning of life.

These companions address the issue each in their own way. Their works span the field of human existence, from the vague boundaries between innocence and wickedness, between the spiritual and the physical, between the safety we try to create for ourselves and the helplessness that we experience nonetheless.

In their works of art we are confronted with ourselves and the inner foreboding that we must continuously struggle with.

*Eiríkur Þorláksson,
Director of Reykjavik Art Museum*

SÝNENDUR ÞAKKA EFTIRTÖLDUM AÐILUM OG FYRIRTÆKJUM:

Sigríður Þorgeirsdóttir / Friðrik Örn Weisshappel / Lára Stefánsdóttir / H. Guðmundsson, Helgi Guðmundsson / Sveinbjörn Gunnarsson / Kristín Eva Þórhallsdóttir / Sólveig Samúelsdóttir / Þórður Sverrisson / Arni Þ. Sigurðsson / Trévirki EHF / Trésmiðja GKS, Pálmar Kristinsson / Gyfji Eyjólfsson og Reynir Gylfason / Guðmundur Pétursson / Inger Helene Bóasson / Búr EHF, Sigurður Á. Sigurðsson / Smith og Norland HF, Björn Jónsson / Gísli Kristjánsson / Stálprýði HF, Magnús Gíslason / Kaffítár EHF, Aðalheiður Héðinsdóttir / Verslunin Virka, Guðfinna B. Helgadóttir / Bifreiðaverkstæði Árna Gíslasonar, Gísli Árnason / Ísleifur Friðriksson / GGG / Heimilistækni EHF, Veigar Óskarsson / Viktoría Marinusdóttir / Eggert Jóhannsson / Starfsfólk Listasafns Reykjavíkur

**Anna Eyjólfssdóttir**

Vogaland 8, 108 Reykjavík
 Pósthólf: 8527, Sími / telf: 00354-8917148
 e-mail: aeyjo@hotmail.com

Anna sótti myndlistarnám í Myndlistaskólann í Reykjavík og á listasviði í FB. Hún útskrifaðist frá skúlpúrdeild Myndlista- og handiðaskóla Íslands 1991, þá fór hún í framhaldsnám 1991-93 til Düsseldorf í Þýskalandi og var þar nemandi hjá Prof. Magdalena Jetelova í Düsseldorf Akademie.

Anna studied art at the Reykjavik School of Visual Art and at Fjölbautarskólinn í Breiðholti. She graduated from the Icelandic College of Arts and Crafts in 1991. She attended Dusseldorf Akademie in Germany from 1991-1993 where she was tutored by Prof. Magdalena Jetelova.

**Ragnhildur Stefánsdóttir**

Skerpluguötu 7, 101 Reykjavík.
 Sími / telf: 00354-5624013 / 00354- 8978246
 e-mail: raggafow@simnet.is

Ragnhildur lauk námi úr myndmótunardeild Myndlista- og handiðaskóla Íslands 1981 og stundaði nám við Minneapolis College of Art and Design, Bandaríkjunum 1982. Hún lauk MFA frá Carnegie-Mellon University College of Fine Art, Bandaríkjunum 1987.

Ragnhildur graduated from the Icelandic College of Arts and Crafts in 1980, attended Minneapolis College of Art, USA in 1981 and completed her MFA degree from Carnegie-Mellon University College of Fine Art, USA in 1987.

**Þórdís Alda Sigurðardóttir**

Dalland, 270 Mosfellsbær
 Sími / telf: 00354-5666880
 e-mail: toa@binet.is

Þórdís nam við Myndlistaskólann í Reykjavík árin 1967 og 1977-79. Hún útskrifaðist frá myndmótunardeild Myndlista- og handiðaskóla Íslands 1984. 1985-86 var hún við nám við Akademie der Bildenden Künste í München, Þýskalandi hjá Prof. Eduardo Paolozzi.

Þórdís studied at the Reykjavik School of Visual Art in 1967 and again in 1977 - 79. She graduated from the Icelandic College of Arts and Crafts in 1984. In 1985-86 she studied at Akademie der Bilden Künste in Munich, Germany with Prof. Eduardo Polozzi.

Anna, Ragnhildur og Þórdís Alda hafa haldið margar einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga hér heima og erlendis. Þær hafa allar tekið virkan þátt í félagsstörfum myndlistarmanna og eru þær m.a. félagar í Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík og hafa sýnt og komið að undirbúningi og framkvæmdum sýninga á þess vegum.

Anna, Ragnhildur and Þórdís Alda have held many solo exhibitions and taken part in numerous co-exhibitions, both in Iceland and abroad. They are all active members of the Association of Reykjavik sculptors' and have all partaken and organized Association's exhibitions.

Listamannspjall verður þrisvar á sýningartímanum, þá ræða listamennirnir verk sín og skoða sýninguna ásamt sýningargestum.

Þórdís Alda Sigurðardóttir: sunnudag 15. febrúar kl. 15

Anna Eyjólfssdóttir: sunnudag 7. mars kl. 15

Ragnhildur Stefánsdóttir: sunnudag 14. mars kl. 15



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
 REYKJAVÍK ART MUSEUM
 KAPPALETTUR • SAFNARÍÐI • ÁDMUNDUNARF